



Knattspyrnudeild FH,
Valdimar Svavarsson formaður
Davíð Þór Viðarsson yfirmaður knattspyrnumála
Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 28. júlí 2026

Efni: Úrskurður vegna atviks í leik FH gegn Breiðablik í Bestu deild karla 20. júlí 2026.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var tekið fyrir erindi sem málskotsnefnd KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til gr. 6.2 og 6.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik sem átti sér stað í ofangreindum leik sem fór fram í Bestu deild karla. Erindið barst nefndinni 27. júlí sl. og með tölvupósti sama dag var FH veittur frestur til að skila greinargerð eða gera athugasemdir vegna málsins fyrir næsta fund aga- og úrskurðarnefndar, þ.e. til kl. 14:30 þann 28. júlí 2026. Athugasemdir bárust frá félaginu með tölvupósti kl. 15:19.

Þar kemur m.a. fram að félagið geri athugasemdir við að málinu hafi verið vísað til aga- og úrskurðarnefndar viku eftir að leikurinn fór fram og að félagið hafi ekki verið upplýst um málið fyrr. Þá kemur fram að atvikið hafi verið óviljaverk og að það sjáist greinilega á ljósmyndum sem Hafliði Breiðfjörð náði af atvikinu sem birtust m.a. á miðlinum fótbolti.net. Félagið kveður leikmanninn hafa flækst í löppum leikmanns Breiðabliks þegar hann var að taka skref yfir hann og kveður leikmann sinn hafa beðist afsökunar og að leikmennirnir tveir hafi skilið sáttir að leik loknum. Að lokum kveður félagið að það verði að vera hægt að sanna ásetning og ofsafengna framkomu en að myndbandsupptökur sýni ekki þegar leikmaðurinn flækist í fótum varnarmannsins. Félagið segir liggja fyrir að Kristján Flóki steig á bringuna á Ívari Erni en að það hafi verið óviljaverk.

Niðurstaða:

Í samræmi við ákvæði 6.2. og 6.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem málskotsnefnd KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik sem koma inn á borð nefndarinnar frá málskotsnefnd KSÍ. Frestur málskotsnefndar til að vísa málum til aga- og úrskurðarnefnd er 5 dagar og telja almennir frídagar ekki með. Atvik það sem um ræðir átti sér stað að kvöldi mánudagsins 20. júlí sl. og málskot málskotsnefndar barst að morgni mánudagsins 27. júlí og því innan 5 daga frests þar sem laugardagur og sunnudagur telur ekki með. Fyrir liggur að dómari leiksins stöðvaði leik vegna meiðsla en samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir aga- og úrskurðarnefnd sáu hvorki dómari leiksins né aðstoðarmenn hans það atvik sem lýst er í erindi málskotsnefndar KSÍ.

Með erindi málskotsnefndar fylgdi myndskleið af atvikinu. Aga- og úrskurðarnefnd telur sér heimilt með vísan til gr. 6.5 að styðjast við myndbandsupptökur þar sem ekki liggur fyrir skýrsla dómara eða eftirlitsmanns um atvikið. Að mati nefndarinnar sést greinilega á myndbandi sem liggur fyrir þegar leikmaður FH, Kristján Flóki Finnbogason, stígur á bringu leikmanns Breiðabliks þegar boltinn er fjarri. Nefndin hefur einnig skoðað


Ljósmyndir af atvikinu sem vísað er til í athugasemdum FH. Nefndin fær ekki séð að þar sé hægt að greina að um hafi verið óviljaverk að ræða.

Að mati aga- og úrskurðarnefndar er um að ræða alvarlegt agabrot sem felur í sér ofsalega framkomu og varði viðurlögum samkvæmt 13. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Aga- og úrskurðarnefnd lítur á sem svo að um sé að ræða háttsemi sem geti valdið alvarlegum meiðslum. Með vísan til alls framangreinds er það mat aga- og úrskurðarnefndar að leikmaðurinn skuli sæta tveggja leikja banni í Íslandsmóti vegna háttsemi sinnar. Leikbann tekur gildi kl. 12:00 næsta dag eftir birtingu úrskurðar.

Úrskurðarorð:

Kristján Flóki Finnbogason skal sæta tveggja leikja banni í Íslandsmóti.

Virðingarfyllt,
f.h. aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,


Axel Kári Vignisson